



## Ákvörðun

### Samgöngustofu nr. 2/2019 um gildistöku reglna um heimildir þjálfunarfyrirtækja til að starfa á grundvelli yfirlýsingar


Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur gefið út reglugerð (ESB) nr. 2018/1119 um þjálfunarfyrirtæki sem heimilt er að starfa á grundvelli yfirlýsinga (e. Declared Training Organisation). Með reglugerðinni er verið að einfalda kröfur til þjálfunarfyrirtækja sem eingöngu veita tiltekna þjálfun til útgáfu tiltekinna flugskírteina og tengdra réttinda sem ekki eru ætluð til starfrækslu í atvinnuskyni. Reglugerðin er sett með hliðsjón af vegvísi evrópsku flugöryggisstofnunarinnar um almannaflug (e. European Aviation Safety Agency's General Aviation Road Map).

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir hefur Samgöngustofa ákveðið að frá og með 1. júní 2019 sé þjálfunarfyrirtækjum heimilt að starfa á grundvelli yfirlýsingar í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 2018/1119.

Ákvörðunin nær aðeins til þeirra þjálfunarfyrirtækja sem eingöngu veita þjálfun sem fellur undir grein DTO.GEN.110 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2018/1119 og fullnægja þeim kröfum sem fram koma í reglugerðinni.

Ákvörðun þessi sem sett er með vísan til 1. mgr. 140. gr. loftferðalaga með síðari breytingum verður birt á heimasíðu Samgöngustofu.

Reykjavík, 17. maí 2019

  
Þórólfur Árnason, forstjóri